

**LÖG****um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við 1. málslíð ákvæða til bráðabirgða komi nýr málslíður sem orðist svo:  
Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæmum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði skal frestur þessi standa til ársloka 1985.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. desember 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

**LÖG****um breyting á lögum nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða er orðist svo:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávarafli er gildi fyrir tímabilið 21. nóvember 1984 til 31. ágúst 1985, með heimild til uppsagnar á verðtímabilinu, þó ekki fyrr en frá 1. júní 1985 varðandi almennt fiskverð.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 21. desember 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*